

Lagabreytingartillaga I

Aðalfundur Visku
29. apríl 2025

Grein: 2 gr.

Efni: Orðalagsbreyting

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
<p>2. grein. Hlutverk og tilgangur</p> <p>Viska er stéttarfélag og fer með umboð félagsfólks í kjara- og réttindamálum gagnvart launagreiðendum og öðrum.</p> <p>Tilgangur Visku er að:</p> <ul style="list-style-type: none">Vinna að bættum kjörum félagsfólks og gæta hagsmuna þess í kjara- og réttindamálum.Standa vörð um réttindi félagsfólks á vinnumarkaði, upplýsa um réttindi	<p>2. grein. Hlutverk og tilgangur</p> <p>Viska er stéttarfélag og fer með umboð félagsfólks í kjara- og réttindamálum gagnvart launagreiðendum og öðrum.</p> <p>Tilgangur Visku er að:</p> <ul style="list-style-type: none">Vinna að bættum kjörum félagsfólks og gæta hagsmuna þess í kjara- og réttindamálum.Standa vörð um réttindi félagsfólks á vinnumarkaði, upplýsa um réttindi

þeirra og skyldur og koma fram fyrir þeirra hönd eftir atvikum.

- Stuðla að öryggi félagsfólks á vinnustað í samráði við þar til bærar stofnanir.
- Efla félagsfólk á vinnumarkaði.
- Rækta samstarf við innlend og erlend stéttarfélagfélög og stofnanir sem fjalla um málefni tengd hagsmunum félagsfólks.

þeirra og skyldur og koma fram fyrir þeirra hönd eftir atvikum.

- Stuðla að öryggi félagsfólks á vinnustað í samráði við þar til bærar stofnanir.
- Efla félagsfólk á vinnumarkaði.
- Rækta samstarf við innlend og erlend stéttarfélagfélög og stofnanir sem fjalla um málefni tengd hagsmunum félagsfólks.

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Viska getur átt samstarf við fleiri innlend og erlend félög en bara stéttarfélag.

Lagabreytingartillaga II

Aðalfundur Visku
29. apríl 2025

Grein: 3 gr.

Efni: Orðalagsbreyting

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
3. grein. Heildarsamtök Viska á aðild að Bandalagi háskólamanna – BHM.	3. grein. Heildarsamtök Viska á aðild að Bandalagi háskólamanna – BHM.

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Til stendur að leggja fram tillögu á aðalfundi BHM í ár að breyta nafni Bandalags háskólamanna í BHM. BHM hefur verið skammstöfun bandalagsins frá stofnun 1958 og er það nafn sem notað er í daglegu tali til að vísa til bandalagsins.

Lagabreytingartillaga III

Aðalfundur Visku
29. apríl 2025

Grein: 5 gr.

Efni: Viðbót um háskólanema og lífeyristaka

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
5. grein. Félagsgjöld Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi og er félagsfólki skylt að greiða þau. Skriflegar tillögur félagsfólks um breytingar á félagsgjöldum skulu berast stjórn eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund og skulu birtar á vef félagsins með endanlegri dagskrá.	5. grein. Félagsgjöld Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi og er félagsfólki skylt að greiða þau. Háskólanemar í námsmannþjónustu Visku og félagsfólk í félagsneti lífeyristaka eru undanþegnir því. Skriflegar tillögur félagsfólks um breytingar á félagsgjöldum skulu berast stjórn eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund og skulu birtar á vef félagsins með endanlegri dagskrá.

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Háskólanemar og lífeyristakar eru hópar sem þurfa að geta átt félagsaðild að Visku. Það er mikilvægt fyrir félagið að huga að félagsfólki sínu í upphafi starfsævinnar og að henni lokinni.

Þessi breytingartillaga er áréttung á grein 6, þar sem fram kemur að háskólanemar sem ekki eru launafólk meðan á námi stendur geta orðið félagsfólk.

Þessi breytingartillaga er í samhengi við breytingatillögu á gr. 7 þar sem stofnað er til félagsnets lífeyristaka þar sem fólk getur áfram verið félagsfólk án þess að njóta kjörgengis eða atkvæðaréttar.

Lagabreytingartillaga IV

Aðalfundur Visku

29. apríl 2025

Grein: 7 gr.

Efni: Viðbót um lífeyristaka og félagsnet lífeyristaka

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
<p>7. grein. Úrsögn</p> <p>Félagsaðild fellur að jafnaði úr gildi þremur mánuðum eftir að greiðslur félagsgjalda hætta að berast félaginu nema sýnt sé fram á að um tímabundið ástand sé að ræða, s.s. vegna náms, fæðingaorlofs, launalauss leyfis eða sambærilegs. Ef vinnustöðvun hefur verið boðuð hjá launagreiðanda viðkomandi félagsmanns við fyrrgreint tímamark telst félagsaðild hans þó engu að síður virk þar til vinnustöðvun hefur verið aflýst.</p>	<p>7. grein. Úrsögn</p> <p>Félagsaðild fellur að jafnaði úr gildi þremur mánuðum eftir að greiðslur félagsgjalda hætta að berast félaginu nema sýnt sé fram á að um tímabundið ástand sé að ræða, s.s. vegna náms, fæðingaorlofs, launalauss leyfis eða sambærilegs. Ef vinnustöðvun hefur verið boðuð hjá launagreiðanda viðkomandi félagsmanns við fyrrgreint tímamark telst félagsaðild hans þó engu að síður virk þar til vinnustöðvun hefur verið aflýst.</p>

Stjórn getur vikið félagsmanni úr félaginu ef hún telur að hann hafi misnotað nafn þess eða unnið gegn hagsmunum þess með öðrum hætti. Áður en málið er tekið fyrir á stjórnarfundi skal viðkomandi gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri. Viðkomandi getur þá skotið málinu til félagsfundar sem skal úrskurða í málinu innan fjögurra vikna frá brottvikningu. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða, hvort sem er á stjórnarfundi eða félagsfundi.

Félagsfólk sem lætur af störfum vegna aldurs eða örorku og skráð er í félagsnet lífeyristaka getur verið áfram félagsfólk, þó án þess að njóta kjörgengis eða atkvæðaréttar.

Stjórn getur vikið félagsmanni úr félaginu ef hún telur að hann hafi misnotað nafn þess eða unnið gegn hagsmunum þess með öðrum hætti. Áður en málið er tekið fyrir á stjórnarfundi skal viðkomandi gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri. Viðkomandi getur þá skotið málinu til félagsfundar sem skal úrskurða í málinu innan fjögurra vikna frá brottvikningu. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða, hvort sem er á stjórnarfundi eða félagsfundi.

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Viska verður að huga að hagsmunum félagsfólks eftir að starfsævi lýkur, og mikilvægt að það félagsfólk sem vill taka þátt í félagsstarfinu fái vettvang til þess. Sambærilegur vettvangur lífeyristaka er starfandi í öðrum sambærilegum stéttarfélögum hér á landi.

Þessi breytingatillaga er í samhengi við breytingatillögu á gr. 5, þar sem fram kemur að félagsfólk í félagsneti lífeyristaka greiðir ekki félagsgjöld.

Lagabreytingartillaga V

Aðalfundur Visku
29. apríl 2025

Grein: 8 gr.

Efni: Lagfæring á vísun í rangar lagagreinar

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
<p>8. GREIN. AÐALFUNDUR</p> <p>Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.</p> <p>Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert og skal til hans boðað með minnst 14 daga fyrirvara á vef félagsins og með tölvupósti til félagsfólks. Fundurinn telst löglegur ef löglega er til hans boðað.</p> <p>Tillögur stjórnar fyrir aðalfund skulu að jafnaði kynntar í fundarboði. Tillögur félagsfólks fyrir aðalfund skulu vera skriflegar og hafa borist stjórn eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir fundinn. Þær skulu</p>	<p>8. GREIN. AÐALFUNDUR</p> <p>Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.</p> <p>Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert og skal til hans boðað með minnst 14 daga fyrirvara á vef félagsins og með tölvupósti til félagsfólks. Fundurinn telst löglegur ef löglega er til hans boðað.</p> <p>Tillögur stjórnar fyrir aðalfund skulu að jafnaði kynntar í fundarboði. Tillögur félagsfólks fyrir aðalfund skulu vera skriflegar og hafa borist stjórn eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir fundinn. Þær</p>

birtar á vef félagsins með endanlegri dagskrá.

Stjórn getur ákveðið að aðalfundur fari fram sem staðfundur, fjarfundur eða sem bæði stað- og fjarfundur og skal þess þá getið í fundarboði. Ef aðalfundur er haldinn að einhverju leyti sem fjarfundur, skulu atkvæðagreiðslur og samþykktir fara fram rafrænt.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti í öllum málum nema þegar breyta á lögum félagsins, sbr. 20. grein. Atkvæðisrétt á aðalfundum hefur félagsfólk í Visku.

Á dagskrá aðalfundar skulu vera meðal annars eftirfarandi liðir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar kynnt
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar, sbr. 16. grein
4. Ákvörðun um félagsgjöld, sbr. 5. grein
5. Lagabreytingar, sbr. 20. grein

skulu birtar á vef félagsins með endanlegri dagskrá.

Stjórn getur ákveðið að aðalfundur fari fram sem staðfundur, fjarfundur eða sem bæði stað- og fjarfundur og skal þess þá getið í fundarboði. Ef aðalfundur er haldinn að einhverju leyti sem fjarfundur, skulu atkvæðagreiðslur og samþykktir fara fram rafrænt.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti í öllum málum nema þegar breyta á lögum félagsins, sbr. **20.** **26.** grein. Atkvæðisrétt á aðalfundum hefur félagsfólk í Visku.

Á dagskrá aðalfundar skulu vera meðal annars eftirfarandi liðir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar kynnt
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar, sbr. **16.** **22.** grein
4. Ákvörðun um félagsgjöld, sbr. 5. grein

6. Niðurstöður úr rafrænum kosningum til formanns og stjórnar kynntar, sbr. 9. grein	5. Lagabreytingar, sbr. 20. 26. grein
7. Niðurstöður úr rafrænum kosningum í stjórnir kjaradeilda kynntar, sbr. 11. grein	6. Niðurstöður úr rafrænum kosningum til formanns og stjórnar kynntar, sbr. 9. 10. grein
8. Önnur mál	7. Niðurstöður úr rafrænum kosningum í stjórnir kjaradeilda kynntar, sbr. 11. 10. grein
	8. Önnur mál

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Leiðrétting á vísun í rangar lagagreinar í dagskrá aðalfundar.

Lagabreytingartillaga VI

Aðalfundur Visku

29. apríl 2025

Grein: 10 gr.

Efni: Viðbót um kynningu kosninga og klausa um kjaradeildir flutt til innan greinar

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
<p>10. GREIN. KOSNINGAR TIL EMBÆTTA</p> <p>Kjörstjórn auglýsir eftir framboðum fyrir aðalfund félagsins og hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd kosninga. Kjörstjórn sker úr um kjörgengi og kosningarétt, hefur yfirumsjón með talningu atkvæða og sker úr um gildi vafaatkvæða. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.</p> <p>Kosningar til trúnaðarstarfa innan félagsins skulu vera rafrænar og skal opna fyrir þær minnst sjö dögum fyrir aðalfund.</p> <p>Niðurstöður kosninga skulu kynntar á</p>	<p>10. GREIN. KOSNINGAR TIL EMBÆTTA</p> <p>Kjörstjórn auglýsir eftir framboðum fyrir aðalfund félagsins og hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd kosninga. Kjörstjórn sker úr um kjörgengi og kosningarétt, hefur yfirumsjón með talningu atkvæða og sker úr um gildi vafaatkvæða. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.</p> <p>Kosningar til trúnaðarstarfa innan félagsins skulu vera rafrænar og skal opna fyrir þær minnst sjö dögum fyrir aðalfund.</p>

aðalfundi. Fari kosning formanns fram á undan öðrum kosningum til aðalfundar skulu niðurstöður kynntar þegar atkvæði hafa verið talin.

Kosningar í stjórnir kjaradeilda skulu vera rafrænar og einungis opnar þeim sem skráð eru í viðkomandi kjaradeild.

Formann skal kjósa sérstaklega.

Stjórnarfolk skal kosið til tveggja ára í senn, en formaður til fjögurra ára. Auk þeirra skal kjósa tvo varamenn til eins árs. Enginn skal sitja lengur en átta ár samfelld í stjórn. Fyrri störf formanns og varamanna í stjórn skulu þó undanskilin. Formaður má sitja tvö heil kjörtímabil samfelld að hámarki.

Raða skal frambjóðendum til stjórnar Visku á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest þrjá. Til að stuðla að jafnri kynjaskiptingu í stjórn Visku skal eftirfarandi aðferð notuð: Sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipar fyrsta sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá frambjóðandi af öðru kyni sem

Niðurstöður kosninga skulu kynntar á aðalfundi **en heimilt er að kynna niðurstöður þegar atkvæði hafa verið talin.** Fari kosning formanns fram á undan öðrum kosningum til aðalfundar skulu niðurstöður kynntar þegar atkvæði hafa verið talin.

Kosningar í stjórnir kjaradeilda skulu vera rafrænar og einungis opnar þeim sem skráð eru í viðkomandi kjaradeild.

Formann skal kjósa sérstaklega.

Stjórnarfolk skal kosið til tveggja ára í senn, en formaður til fjögurra ára. Auk þeirra skal kjósa tvo varamenn til eins árs. Enginn skal sitja lengur en átta ár samfelld í stjórn. Fyrri störf formanns og varamanna í stjórn skulu þó undanskilin. Formaður má sitja tvö heil kjörtímabil samfelld að hámarki.

Raða skal frambjóðendum til stjórnar Visku á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest þrjá. Til að stuðla að jafnri

flest atkvæði fékk o.s.frv. Þessi kynjaflétta skal halda áfram til röðunar varamanna. Þau þrjú sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast réttkjörnir aðalmenn í stjórn Visku til tveggja ára. Næstu tvö teljast réttkjörnir varamenn í stjórn Visku til eins árs.

Hætti formaður á kjörtímabili sínu skal efna til rafrænnar kosningar nýs formanns.

Varaformaður tekur sæti formanns þar til að kosningu lýkur. Niðurstöður

formannskosninga skulu kynntar þegar atkvæði hafa verið talin og skal nýr

formaður þá sitja til næsta aðalfundar og fjögur ár eftir það.

Verði niðurstaða kosninga sú að tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafn mörg atkvæði skal kosið á milli þeirra á aðalfundi.

kynjaskiptingu í stjórn Visku skal eftirfarandi aðferð notuð: Sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipar fyrsta sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá frambjóðandi af öðru kyni sem flest atkvæði fékk o.s.frv.

Þessi kynjaflétta skal halda áfram til röðunar varamanna. Þau þrjú sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast réttkjörnir aðalmenn í stjórn Visku til tveggja ára. Næstu tvö teljast réttkjörnir varamenn í stjórn Visku til eins árs.

Hætti formaður á kjörtímabili sínu skal efna til rafrænnar kosningar nýs formanns.

Varaformaður tekur sæti formanns þar til að kosningu lýkur. Niðurstöður

formannskosninga skulu kynntar þegar atkvæði hafa verið talin og skal nýr

formaður þá sitja til næsta aðalfundar og fjögur ár eftir það.

Kosningar í stjórnir kjaradeilda skulu vera rafrænar og einungis opnar þeim sem skráð eru í viðkomandi kjaradeild.

Verði niðurstaða kosninga sú að tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafn mörg atkvæði skal kosið á milli þeirra á aðalfundi.

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Tillaga til að áréttta að kjörstjórn sé heimilt að kynna niðurstöður kosninga til trúnaðarstarfa áður en að aðalfundur á sér stað.

Einnig lagt til að flytja til efnisgrein um kosningar í kjaradeildir aftar í þessari grein til að skerpa flæði greinarinnar: Það er að fyrst er fjallað almennt um kosningar; svo er fjallað um formannskjör; svo er fjallað um kjör til stjórnar; svo um kjör til stjórna kjaradeilda.

Lagabreytingartillaga VII

Aðalfundur Visku

29. apríl 2025

Grein: 13 gr.

Efni: Viðbót um kosningar og skráningu í kjaradeildir

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
<p>13. GREIN. KJARADEILDIR</p> <p>Félagsfólki er heimilt að leggja fyrir aðalfund að stofnuð verði kjaradeild tengd fagsviði, starfsvettvangi eða landsvæði, til að fjalla um réttindi og kjör félagsfólks á því sviði, vettvangi eða svæði, standa fyrir fræðslu og vera stjórn félagsins til ráðgjafar.</p> <p>Skriflegar tillögur félagsfólks um stofnun kjaradeildar skulu hafa borist stjórn eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund og skulu birtar á vef félagsins.</p> <p>Formaður kjaradeildar og tveir til fjórir aðalmenn í stjórn kjaradeildar eru kosnir til</p>	<p>13. GREIN. KJARADEILDIR</p> <p>Félagsfólki er heimilt að leggja fyrir aðalfund að stofnuð verði kjaradeild tengd fagsviði, starfsvettvangi eða landsvæði, til að fjalla um réttindi og kjör félagsfólks á því sviði, vettvangi eða svæði, standa fyrir fræðslu og vera stjórn félagsins til ráðgjafar. Skriflegar tillögur félagsfólks um stofnun kjaradeildar skulu hafa borist stjórn eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund og skulu birtar á vef félagsins.</p> <p>Formaður kjaradeildar og tveir til fjórir aðalmenn í stjórn kjaradeildar eru kosnir</p>

eins árs í rafrænum kosningum og skulu niðurstöður kynntar á aðalfundi Visku.

Stjórn Visku er heimilt að stofna kjaradeild til bráðabirgða á milli aðalfunda og skipa formann kjaradeildar og tvo til fjóra aðalmenn í stjórn deildarinnar. Skal sú ákvörðun borin upp til atkvæðagreiðslu á næsta aðalfundi.

Kjaradeildir bera ábyrgð á innra skipulagi sínu og setja sér starfsreglur og árlega fjárhags- og rekstraráætlun, þar með talin áætlun um kostnað vegna þóknunareininga. Starfsreglur kjaradeildar sem og fjárhags- og rekstraráætlanir skulu lagðar fyrir stjórn Visku til samþykktar.

Skrifstofa Visku heldur utan um félagatal og önnur gögn kjaradeilda.

Eftir að kjaradeild hefur verið stofnuð á aðalfundi skal stjórn hennar kosin í rafrænni kosningu innan fjórtán daga.

Niðurstöður skulu kynntar þegar atkvæði hafa verið talin og á næsta aðalfundi Visku.

til **eins árs** tveggja ára í rafrænum kosningum og skulu niðurstöður kynntar á aðalfundi Visku **en þó er heimilt að kynna niðurstöður þegar atkvæði hafa verið talin. Enginn skal sitja lengur en átta ár samfelt í stjórn kjaradeildar.**

Fyrri störf formanns í stjórn kjaradeildar skulu þó undanskilin.

Stjórn Visku er heimilt að stofna kjaradeild til bráðabirgða á milli aðalfunda og skipa formann kjaradeildar og tvo til fjóra aðalmenn í stjórn deildarinnar. Skal sú ákvörðun borin upp til atkvæðagreiðslu á næsta aðalfundi.

Kjaradeildir bera ábyrgð á innra skipulagi sínu og setja sér starfsreglur og árlega fjárhags- og rekstraráætlun, þar með talin áætlun um kostnað vegna þóknunareininga. Starfsreglur kjaradeildar sem og fjárhags- og rekstraráætlanir skulu lagðar fyrir stjórn Visku til samþykktar.

Skrifstofa Visku heldur utan um félagatal og önnur gögn kjaradeilda.

Kjaradeildir fylgjast með því að kjarasamningar á sínu fagsviði, starfsvettvangi eða landsvæði séu virtir og veitir stjórn Visku aðstoð við söfnun upplýsinga um kjör og stöðu félagsfólks. Þær vinna að því að styrkja stöðu síns félagsfólks og efla þekkingu þess á kjara- og réttindamálum. Stjórn Visku er heimilt að veita kjaradeild samningsumboð fyrir viðeigandi fagsvið, starfsvettvang eða landsvæði.

Stjórn Visku getur styrkt starf kjaradeilda fjárhagslega en kjaradeildum er ekki heimilt að skuldbinda félagið fjárhagslega.

Kjaradeildum er skylt að skila stjórn Visku skýrslu um starfsemi sína fyrir lok febrúar ár hvert. Skili kjaradeild ekki skýrslu tvö ár í röð getur aðalfundur ákveðið að leggja hana niður.

Formaður Visku er talsmaður kjaradeildar nema stjórn félagsins ákveði annað.

Eftir að kjaradeild hefur verið stofnuð á aðalfundi skal stjórn hennar kosin í rafrænni kosningu innan fjórtán daga **af því félagsfólki sem skráð er í hana.**

Niðurstöður skulu kynntar þegar atkvæði hafa verið talin og á næsta aðalfundi Visku.

Kjaradeildir fylgjast með því að kjarasamningar á sínu fagsviði, starfsvettvangi eða landsvæði séu virtir og veitir stjórn Visku aðstoð við söfnun upplýsinga um kjör og stöðu félagsfólks. Þær vinna að því að styrkja stöðu síns félagsfólks og efla þekkingu þess á kjara- og réttindamálum. Stjórn Visku er heimilt að veita kjaradeild samningsumboð fyrir viðeigandi fagsvið, starfsvettvang eða landsvæði.

Stjórn Visku getur styrkt starf kjaradeilda fjárhagslega en kjaradeildum er ekki heimilt að skuldbinda félagið fjárhagslega. Kjaradeildum er skylt að skila stjórn Visku skýrslu um starfsemi sína fyrir lok febrúar

ár hvert. Skili kjaradeild ekki skýrslu tvö ár í röð getur aðalfundur ákveðið að leggja hana niður.

Formaður Visku er talsmaður kjaradeildar nema stjórn félagsins ákveði annað.

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Í fyrsta lagi er verið að leggja til að kjörtímabil í kjaradeildum verði tvö ár en ekki eitt ár. Það verður til þess að ekki þarf að kjósa í stjórn kjaradeildar á hverju ári og auk þess kemur til meiri þekking og reynsla hjá þeim er sitja í stjórn. Eitt ár er stutt kjörtímabil og mikilvægt fyrir kjaradeildina að sama fólk fái að móta sýna stefnu og leggja áherslur á sín mál í lengri tíma en það.

Í öðru lagi er verið að setja sólarlagsákvæði á setu í stjórnnum kjaradeilda, að enginn geti setið lengur en átta ár í stjórn kjaradeilda, en störf formanns eru þar undanskilin. Þetta ákvæði er sambærilegt við ákvæði um hámarkssetu í stjórn Visku.

Í þriðja lagi er verið að opna fyrir það að hægt sé að kynna niðurstöður kosninga um stjórn kjaradeildar um leið og atkvæði hafa verið talin, þegar þær kosningar eiga sér stað eftir að stofnað hefur verið til deildarinnar á aðalfundi. Annars þyrfti að bíða fram á næsta aðalfund Visku, ári síðar.

Í fjórða lagi er verið að skýra það að einungis fólk sem er skráð í kjaradeild geti kosið í kosningum innan kjaradeildarinnar.

Lagabreytingartillaga VIII

Aðalfundur Visku

29. apríl 2025

Grein: 14 gr.

Efni: Faghópum breytt í félagsnet

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
<p>14. GREIN. FAGHÓPAR</p> <p>Félagsfólki er heimilt að leggja fyrir stjórn Visku að stofnaður verði faghópur til að styrkja stöðu tiltekinna fagstétta sem eru innan félagsins.</p> <p>Faghópar bera ábyrgð á innra skipulagi sínu, starfa í samræmi við starfsreglur sem stjórn Visku setur þeim og eru stjórn til ráðgjafar.</p> <p>Stjórn Visku getur styrkt starf faghópa fjárhagslega en faghópum er ekki heimilt að skuldbinda félagið fjárhagslega. Sendi faghópur ekki fulltrúa á fulltrúaráðsfund tvö</p>	<p>14. GREIN. FAGHÓPAR FÉLAGSNET</p> <p>Félagsfólki er heimilt að leggja fyrir stjórn Visku að stofnaður verði faghópur til að styrkja stöðu tiltekinna fagstétta sem eru innan félagsins.</p> <p>Faghópar bera ábyrgð á innra skipulagi sínu, starfa í samræmi við starfsreglur sem stjórn Visku setur þeim og eru stjórn til ráðgjafar.</p> <p>Stjórn Visku getur styrkt starf faghópa fjárhagslega en faghópum er ekki heimilt að skuldbinda félagið fjárhagslega. Sendi faghópur ekki fulltrúa á fulltrúaráðsfund</p>

ár í röð, getur stjórn Visku ákveðið að leggja faghóp niður.

Formaður Visku er talsmaður faghópa nema stjórn félagsins ákveði annað.

~~tvö ár í röð, getur stjórn Visku ákveðið að leggja faghóp niður.~~

~~Formaður Visku er talsmaður faghópa nema stjórn félagsins ákveði annað.~~

Félagsfólki er heimilt að leggja fyrir stjórn Visku að stofnað verði félagsnet til styrkja stöðu þess félagsfólks sem tilheyrir þeim, efla tengslanet og stuðla að aukinni þekkingu og framþróun á sér- eða áhugasviði félagsfólks.

Félagsnet bera ábyrgð á innra skipulagi sínu og starfa í samræmi við reglur sem stjórn Visku setur þeim.

Viska getur styrkt starf félagsneta fjárhagslega en félagsnetum er ekki heimilt að skuldbinda félagið fjárhagslega. Stjórn getur lagt félagsnet niður, t.d. ef félagsnet sendir ekki fulltrúa á fulltrúaráðsfund tvö ár í röð.

Formaður Visku er talsmaður félagsneta nema stjórn félagsins ákveði annað.

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Í þessari lagabreytingartillögu er verið að breyta faghópum í félagsnet. Þarna er verið að útvíkka hugmyndina um hópastarf innan Visku og auka frjálsræði í félagsstarfi. Breytingin gerir ráð fyrir því að félagsfólk geti stofnað mjög formlega hópa, til dæmis ef um fagstétt er að ræða, en hún gerir líka ráð fyrir því að hópur félagsfólks innan Visku sem hefur ekki jafn formleg tengsl geti stofnað hóp. Félagsfólk Visku kemur úr öllum áttum og hefur fjölbreytta menntun, og mikilvægt er fyrir félagið að gefa félagsfólki tækifæri til að stofna hópa um sín hagsmunamál og leyfa þeim að njóta sérstöðu sinnar.

Fyrirmyndin að félagsnetum er norræn og kemur frá danska stéttarfélaginu DM (sem svipar mikið til Visku), en félagskjörinn hópur á vegum stjórnar Visku kynnti sér hópastarf DM og lagði fram tillögu að breytingum á félagsstarfinu sem er nú verið að formgera með þessari lagabreytingartillögu.

Lagabreytingartillaga IX

Aðalfundur Visku

29. apríl 2025

Grein: 17 gr.

Efni: Orðalagi breytt

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
<p>17. GREIN. FÉLAGSFUNDIR</p> <p>Stjórn Visku boðar almennan félagsfund þegar tilefni gefst til, staðfund, fjarfund eða blöndu af þessu tvennu.</p> <p>Almenna félagsfundi skal halda svo oft sem þurfa þykir og alltaf ef 3% félagsfólks krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Félagsfundir skulu boðaðir með minnst þriggja daga fyrirvara á vef félagsins og með tölvupósti til félagsfólks. Efni fundarins skal fylgja fundarboði.</p> <p>Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra</p>	<p>17. GREIN. FÉLAGSFUNDIR</p> <p>Stjórn Visku boðar almennan almenna félagsfund félagsfundi þegar tilefni gefst til, staðfund, fjarfund eða blöndu af þessu tvennu.</p> <p>Almenna félagsfundi skal halda svo oft sem þurfa þykir og alltaf ef 3% félagsfólks krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Félagsfundir skulu boðaðir með minnst þriggja daga fyrirvara á vef félagsins og með tölvupósti til félagsfólks. Efni fundarins skal fylgja fundarboði.</p>

<p>ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars, samkvæmt mati stjórnarinnar.</p> <p>Á félagsfundum ræður einfaldur meirihluti í öllum málum. Atkvæðisrétt á félagsfundum hefur félagsfólk í Visku.</p>	<p>Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars, samkvæmt mati stjórnarinnar.</p> <p>Á félagsfundum ræður einfaldur meirihluti í öllum málum. Atkvæðisrétt á félagsfundum hefur félagsfólk í Visku.</p>
---	--

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Réttara orðalag að tala um félagsfundi í fleirtölu frekar en eintölu.

Lagabreytingartillaga X

Aðalfundur Visku

29. apríl 2025

Grein: 21 gr.

Efni: Málsgrein um rekstur sameiginlegrar skrifstofu fjarlægð

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
<p>21. GREIN. SKRIFSTOFA FÉLAGSINS</p> <p>Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki heimilt að ráða stjórnarfolk eða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess.</p> <p>Framkvæmdastjóri ræður starfsfolk og semur um kjör þeirra.</p> <p>Stjórn er heimilt að gera samning um rekstur skrifstofu til að sinna þjónustu við félagsfolk í samstarfi við önnur félög innan BHM. Formaður félagsins skal þá sitja í</p>	<p>21. GREIN. SKRIFSTOFA FÉLAGSINS</p> <p>Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki heimilt að ráða stjórnarfolk eða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess.</p> <p>Framkvæmdastjóri ræður starfsfolk og semur um kjör þeirra.</p> <p>Stjórn er heimilt að gera samning um rekstur skrifstofu til að sinna þjónustu við félagsfolk í samstarfi við önnur félög innan BHM. Formaður félagsins skal þá sitja í</p>

stjórn skrifstofunnar og fara þar með umboð stjórnar.	stjórn skrifstofunnar og fara þar með umboð stjórnar.
---	--

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Þessi málsgrein var höfð inni við stofnun félagsins ef ske kynni að önnur aðildarfélag BHM (t.d. þau félag er ráku þjónustuskrifstofu með stofnfélögum Visku) myndu vilja búa til sameiginlega þjónustuskrifstofu með Visku. Nú er liðið meira en ár frá stofnun félagsins og ekki reyndi á umfjöllunarefni þessarar málsgreinar og því er hún felld út.

Lagabreytingartillaga XI

Aðalfundur Visku
29. apríl 2025

Grein: 30 gr., 31 gr., og 32. gr.

Efni: Kafli X í lögum Visku um ákvæði til bráðabirgða fjarlægður

Flutningsaðili: Stjórn Visku

Grein eins hún stendur nú	Breytingartillaga
X. ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA	X. ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA
30. GREIN. STOFNFÉLÖG VISKU	30. GREIN. STOFNFÉLÖG VISKU
Þau félag sem reka saman	Þau félag sem reka saman
þjónustuskrifstofu FHS og sameinast inn í	þjónustuskrifstofu FHS og sameinast inn í
Visku fyrir aðalfund 2025 teljast stofnfélög	Visku fyrir aðalfund 2025 teljast stofnfélög
Visku.	Visku.
31. GREIN. STJÓRN VISKU 2023 TIL 2025	31. GREIN. STJÓRN VISKU 2023 TIL
Stjórn Visku 2023 til 2025 samanstendur af	2025
aðalmönnum og varamönnum, sem eru	Stjórn Visku 2023 til 2025 samanstendur
aðal- og varamenn stofnfélaga við	af aðalmönnum og varamönnum, sem eru
sameiningu. Hætti aðalmaður úr stjórn	aðal- og varamenn stofnfélaga við
Visku á tímabilinu, skal varamaður hans úr	sameiningu. Hætti aðalmaður úr stjórn

stjórn fyrra félags taka hans sæti á kjörtímabilinu.

Á tímabilinu 2023 til 2025 skal starfa tímabundin framkvæmdastjórn sem samanstendur af formönnum stofnfélaga.

Formaður Fræðagarðs skal gegna embætti formanns Visku, formaður FÍF embætti varaformanns Visku og formaður SBU embætti gjaldkera Visku.

Stjórnarseta á tímabilinu 2023 til 2025 telur ekki til hámarkstíma í stjórnarsetu samkvæmt lögum þessum.

32. GREIN. FORMANNS- OG STJÓRNARKJÖR 2025

Gengið verður til kosninga í Visku vorið 2025 og skal þá kosið í öll embætti samkvæmt þessum lögum. Kosið er til formanns til fjögurra ára, um þrjá stjórnarmenn til tveggja ára, þrjá stjórnarmenn til eins árs og tvo varamenn til eins árs.

Þau þrjú sem efst eru samkvæmt niðurstöðum stjórnarkosninga skulu kosin

Visku á tímabilinu, skal varamaður hans úr stjórn fyrra félags taka hans sæti á kjörtímabilinu.

Á tímabilinu 2023 til 2025 skal starfa tímabundin framkvæmdastjórn sem samanstendur af formönnum stofnfélaga.

Formaður Fræðagarðs skal gegna embætti formanns Visku, formaður FÍF embætti varaformanns Visku og formaður SBU embætti gjaldkera Visku.

Stjórnarseta á tímabilinu 2023 til 2025 telur ekki til hámarkstíma í stjórnarsetu samkvæmt lögum þessum.

32. GREIN. FORMANNS- OG STJÓRNARKJÖR 2025

Gengið verður til kosninga í Visku vorið 2025 og skal þá kosið í öll embætti samkvæmt þessum lögum. Kosið er til formanns til fjögurra ára, um þrjá stjórnarmenn til tveggja ára, þrjá stjórnarmenn til eins árs og tvo varamenn til eins árs.

til tveggja ára, næstu þrjú til eins árs. Kjör þeirra þriggja sem kosin eru til eins árs telja ekki til hámarkstíma í stjórnarsetu.

~~Þau þrjú sem efst eru samkvæmt niðurstöðum stjórnarkosninga skulu kosin til tveggja ára, næstu þrjú til eins árs. Kjör þeirra þriggja sem kosin eru til eins árs telja ekki til hámarkstíma í stjórnarsetu.~~

RÖKSTUÐNINGUR / SAMANTEKT

Greinar sem settar voru inn við stofnun félagsins til þess að tryggja starfsemi þess fram að fyrsta aðalfundi þess eru felldar á brott. Um er að ræða bráðabirgðaákvæði í lögum félagsins og eiga þau ekki lengur við.